DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2621 Síðan 1968 54. árgangur

Miðvikudagur 27. október 2021

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Margt var um manninn þegar sýningin Skyrland opnaði formlega í Mjólkurbúinu í miðbæ Selfoss á fimmtudaginn sl. Mynd: Dagskráin/BRV

Sýningin Skyrland opnuð í miðbænum á Selfossi

Skyrland, ný upplifunarsýning um skyr og matarmenningu Íslands, var opnuð í Mjólkurbúinu í miðbæ Selfoss í morgun föstudag.

Á sýningunni reynir á öll skilningarvit gesta – sjón, heyrn, snertingu, ilm og bragð – með frumlegri hönnun fjölbreyttra atriða sem meðal annars fjalla um Auðhumlu, íslenska sumarið, mjólkurvinnslu kvenna, kynslóð eftir kynslóð, í torfbæjum liðinna alda, mjólkurbúin og margt fleira. Skyrið, þessi afurð íslenskrar menningar og náttúru, hefur nú slegið í gegn víða um heim og í Skyrlandi er saga þess rakin.

Sýningin hefur verið í undirbúningi í þrjú ár en aðalhönnuður hennar er Snorri Freyr Hilmarsson, leikmynda- og sýningahönnuður. Skyrland er í eigu Skyrheima, félags sem Mjólkursamsalan og Sigtún Þróunarfélag stofnuðu utan um verkefnið.

„Stefna MS er sú að koma því enn betur á framfæri að Ísland er upprunaland skyrsins og þegar þessi hugmynd kom upp, að skapa skyrinu heimili í endurbyggðu fyrsta Mjólkurbúinu á Selfossi, þá vildum við taka þátt í því," segir Pálmi Vilhjálmsson, forstjóri MS.

Saga Selfoss er nátengd skyrgerð og mjólkuriðnaði á Íslandi. Fljótlega eftir stofnun Mjólkurbús Flóamanna og byggingu gamla mjólkurbúsins 1929 hófst fyrir alvöru iðnaðarframleiðsla ýmissa mjólkurafurða hér á landi og þar á meðal skyrsins. Staðsetning mjólkurbúsins skammt frá Ölfusárbrú dró til sín fjölda starfsmanna sem voru meðal frumbyggja hins nýja bæjar sem stækkaði hratt í kjölfarið.

„Með þessari metnaðarfullu og skemmtilegu sýningu hér í hjarta Selfoss verður til nýr áfangastaður fyrir alla þá fjölmörgu ferðamenn, íslenska og erlenda, sem eiga leið um bæinn", segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar. „Skyrland er ákveðin undirstaða í þessu fallega matarmenningarhúsi sem Mjólkurbúið er orðið og með því er að rætast gamall draumur heimamanna um sýningu sem heiðrar sögu og hlutverk staðarins."

Út októbermánuð er gestum Skyrlands boðið upp á sérstakt opnunartilboð.

Myndasyrpu má finna inni í blaðinu á bls. 2.

Það eru 58 DAGAR TIL JÓLA

Kvöldvaka Fossbúa sló sannarlega í gegn

Það voru hressir skátar sem hittust í Sunnulækjarskóla í síðustu viku. Það voru Fossbúar á Selfossi sem stóðu fyrir viðburðinum en hann var hluti af menningarmánuðinum október í Árborg. Sérstakir heiðursgestir voru Sólheimaskátar. Talsverður fjöldi var mættur til þess að taka þátt í gleðinni. Sungnir voru söngvar við gítarspil ásamt því að hressir Dróttskátaforingjar leiddu hópinn í fjölmarga og hressandi leiki. Eftir að hafa sungið, trallað og horft á skemmtiatriði nutu þess allir að ljúka kvöldinu með samsöng.

Myndasyrpa frá opnun Skyrlands

HARPA ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

Harpa Heimisdóttir
842 0204

Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Penninn Eymundsson opnar á Selfossi

Ný verslun hefur opnað að Brúarstræti 6 í nýja miðbænum á Selfossi

20% afsláttur af öllum tímaritum

Við bjóðum alla Sunnlendinga, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, velkomna og hlökkum til að eiga við ykkur farsælt og ánægjulegt samstarf í heimabyggð!



penninn.is
540-2316 / 540-2050

selfoss@penninn.is
penninn@penninn.is

Penninn Eymundsson

Aukin óráðsía í Árborg

Sigurður K. Kolbeinsson

Viðskiptafræðingur og skattgreiðandi í Árborg

Á fundi í bæjarráði Árborgar þ. 12. ágúst var samþykkt að ganga frá samningi um makaskipti á landspildunni Tjarnarlæk (byggingarlandi sem tilheyrir Dísarstaðalandi) í skiptum fyrir fasteignina Dísarstaði (land 4) eða svokölluðu „hesthúsalandi“ í austasta hluta Selfoss sem er um 7,9 ha að stærð. Eigendur hesthúsalandsins fá byggingarland í Tjarnarlæk (samtals um 14 ha að stærð) í sléttum skiptum og greiða Svf. Árborg fyrir með hesthúsalandinu skv. samningi þar um. Mikill verðmunur er á þessum landareignum en helstu rökin sem flutt voru fyrir þessum kaupsamningi voru þau að samfara byggingu nýrrar íbúðabyggðar vantaði land undir skóla (sem hluta af innviðauppbyggingu í hverfinu) en skv. 39. gr. skipulagslaga kemur eftirfarandi fram: „Þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi að ósk landeiganda skal hann þegar framkvæmdir hefjast láta endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið þá hluta landsins sem samkvæmt skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, svo sem undir götur, leikvelli og opin svæði. Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira land en svarar þriðjungi af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða byggingarhæfar. Skv. því sem fram kemur í fundargerðum bæjarráðs annars vegar og bæjarstjórnar hins vegar óskaði oddviti D-listans eftir verðmati á lóðunum (sem ekki lá fyrir þegar samningurinn var kynntur þ. 12. ágúst sl.) og fékk endanleg svör í tvennu lagi en það síðara var sent til hans þ. 16. september með bréfi dagsettu 6. september. Þar er staðfest að verðmat á umræddum landareignum sem vekur nokkra athygli. Byggingarlandið, sem er þegar skipulagt, er þar metið á 210 milljónir (alls um 14 ha) en hesthúsalandið á 80 milljónir (þ.e. óskipulagt) og er þá ansi vel í lagt þar sem um 7,9 ha lands er að ræða. Á þessu er verulegur munur, eða alls 130 milljónir og því spyr ég sem bæjarbúi; var verið að hygla einhverjum í þessum viðskiptum? Hvað leiðir til þess að ákvörðunartakar gera slíkan samning án þess að kynna sér réttar forsendur og verðmat? Er forseti bæjarstjórnar sáttur við slík vinnubrögð? Mun hann hugsanlega þurfa að svara fyrir þennan gjörning á síðari stigum? Það mætti einnig umrita þetta yfir á mánnamál og spyrja; „Ef ég kem með Toyota árg. 2008 til bílasala get ég þá vænst þess að fá samskonar bifreið, árg. 2015 í sléttum skiptum? Svarið vita allir. Þetta er enn eitt dæmið um ákvarðanir meirihluta bæjarstjórnar Árborgar sem eykur á fjármálaóreiðuna í sveitarfélaginu og uppsafnaðan vanda til komandi kynslóða. Hann er hrikalegur og verður ekki öfundsvert hlutverk fyrir nýjan meirihluta að taka við því búi að afloknum kosningum á næsta ári.

Samkvæmt mínum heimildum nam hallarekstur bæjarsjóðs 1.764 milljónum (A-hluti) fyrstu 7 mánuði ársins sem er meira en grafalvarleg staða. Sveitarfélagið er því í dyrum gjörgæslu hjá hinu opinbera ef fram fer sem horfir. Hvernig líst íbúum bæjarfélagsins á þá stöðu? Einn fulltrúi meirihlutans ritaði á Facebook þ. 18. september sl.: Maður bregður sér frá í skamma stund og það er allt að gerast. „Nýr miðbær, fjölnota íþróttahús, plön malbikuð, 2 hringtorg, stofnvegir osfrv. komið í notkun eða að komast í notkun. Verkin tala.“ Þetta eru jú orð að sönnu en bæta mætti við: „Peningar mala“. Þarna er gerð tilraun til að skreyta gjörðir núverandi meirihluta með gjörðum fyrrum meirihluta að hluta til, þ.e. nýs miðbæjar og annars hringtorganna sem vitnað er til. Eins og ég hef áður nefnt í grein minni á síðasta ári um óábyrga fjárm. stjórn í Árborg þá þarf ávallt að haga útgjöldum í samræmi við tekjur. Þannig rekum við heimilin okkar í landinu, ekki rétt? Og þannig ala flestir börnin sín upp með þeim einfalda boðskap að þú eyðir ekki um efni fram. Í þessu umrædda máli hefði betur verið hugað að því að láta framkvæma verðmat á eignunum af óvilhöllum aðilum og nota slíkt verðmat til grundvallar þegar kom að samningsgerðinni sem skiptir „gjaldþrota“ sveitarfélag miklu máli. En því miður er of seint að „tryggja eftir á“. En kæru bæjarbúar í Árborg; hafið í huga að bæjarstjórnarkosningar fara fram næsta vor og þá mun gefast gott tækifæri til að „stoppa í þetta gat“ óreiðunnar og velja fólk til starfa sem kann að fara með fjármál. Við þurfum hvorki Ísfirðinga né annað fólk utan af landsbyggðinni til að leiða þessa vinnu heldur harðduglegt fólk með reynslu úr héraði.

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

Um málefni fatlaðs fólks

Ég er móðir tveggja drengja sem eru fatlaðir, mér finnst málaflokkur fatlaðra vera í algjörum ólestri. Réttur þeirra til búsetu er ekki tryggður, hvar eiga þeir að búa? Annar drengurinn fór á heimili fyrir börn 14 ára, í öðru sveitarfélagi þar sem sveitarfélagið okkar er ekki með nein úrræði, hann er 20 ára í dag og þarf að fara annað, 3 drengir eru á heimilinu sem hann er á í dag og eru hinir 2 komnir með nýja búsetu en ekki minn drengur. Hvert á hann að fara? Svo eru þessi búsetu mál ekki á réttu róli þar sem allir eiga að vera í sjálfstæðri búsetu. Eða með sér íbúð. Enginn mundi setja 8 -10 ára barn í sjálfstæða búsetu, er það? Minn drengur er 8-10 ára í þroska (barn í stórum líkama). Honum líður vel í umhverfi sem er fjölskyldu heimili. Hinn drengurinn er enn heima, 21 árs, og engar lausnir í sjónmáli. Hann þarf einnig fjölskyldvænt umhverfi, þarf samkvæmt SIS-mati að vera á sambýli (reyndar þeir báðir). Hvar er réttur þeirra til að fá að vera í umhverfi sem þeim líður vel og eru öruggir í framtíðinni? Sveitarfélögin í landinu okkar er mörg hver ekki að ráða við þennan málaflokk. Mér finnst það hafa verið mikil mistök þegar þessi málaflokkur var fluttur yfir á sveitarfélögin. Sá mikinn mun á þjónustunni þegar það gerðist.

Mér finnst að það sé brotið á rétti þessa fólks þar sem það sitja ekki allir einstaklingar þessa lands við að fá það sem þeim ber, mörg sveitarfélög hreinlega hafa ekki bolmagn til að standa undir þeim kostnaði sem því fylgir að þjónusta þennan málaflokk. Og svo annað, það hlýtur að vera hagstæðara að reka eitt heimili með 3-4 einstaklingum heldur en margar litlar einingar? Svo eru það vinnumál þessa fólks, þar sitja ekki allir við sama borð. Í sumum sveitarfélögum fá þau að vinna (samverustað) í allt að 8 tíma en í öðrum 3,5 tíma.

Ég skora á Alþingismennina og -konur að fara að endurskoða þennan málaflokk! Og tryggja þessum einstaklingum örugga framtíð!

Líney Tómasdóttir,
íbúi á Selfossi.

J ólakvöldverður í sveitakyrrð

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jólakvöldverður 8.900 kr.

TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU

14.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi

18.500 kr. fyrir eins manns herbergi

Innifalið er jólakvöldverður ásamt morgunverðarhlaðborði.

26. og 27. nóvember
3. og 4. desember
10. og 11. desember

Nánari upplýsingar og borðapantanir á **info@eldhestar.is**

HÓTEL Eldhestar

Eldhestar, Vellir, 816 Ölfus • 480 4800 • info@eldhestar.is • www.eldhestar.is

Til gamans gert

Sumarið er að baki og haustið gengið í garð þó ekki séu alltaf skýr mörk milli árstíða á okkar ágæta landi, en það er þó hinn venjubundni árstíðagangur og hefur þannig verið svo lengi sem elstu menn muna. Sumarið var blautt e.t.v. ekki svo mjög í dögum talið, en vafalítið í magni því iðulega rigndi svo heiftarlega að fólk varð hugsi og leitaði eftir í huga sér hvað það hefði af sér gert til að kalla yfir sig slík skýföll. Sólin lét einstaka sinnum sjá sig, en þá aðeins sem sýnishorn og var oftast fljót að forða sér á bak við næsta ský hefði hún þann möguleika og glotti vafalaust að fölum andlitum landans sem horfði með ámátlegum bænasvip til himins í von um betra veður. Gróðurinn var sömuleiðis að klæðast haustlitunum og felldi tregur laufin, á sama hátt drúptu blóm höfði og bjuggu sig undir vetrarsvefninn. Á þessum fáu sólarsýnishornadögum var freistandi að bregða sér léttklæddur undir bert loft og njóta útiveru til ýmissa athafna svo sem göngutúra og sundlaugarferða. Mitt val var hjólaferð í Sundhöll Selfoss. Á leið minni frá heimili til sundlaugar er nokkur spölur og það var ýmislegt áhugavert að sjá á leiðinni. Fyrst lá leið mín fram hjá glæsilegum nýlega opnuðum barnaleikvelli við norðvesturenda Gráhellu með fjölbreyttum barnavænum leiktækjum og þar ríkti fjör og gleði á þessum góðviðrisdegi. Ég beygði síðan inn Erlurima til norðurvesturs eftir að hafa lúsast fram hjá Sunnulækjarskóla alla leiðina á malbikuðum gang- og hjólastígum og þaðan til vesturs inn á Langholt, en þar er manngerður hóll sem mikið er notaður af börnum á veturna til að renna sér á sleðum. Ég þurfti að þvera Langholt á gangbraut og þá blasti við gaflinn á nýja glæsilega fjölnota íþróttahúsinu okkar Selfossbúa sem tekið var í notkun alveg nýlega, þar á vinstri hönd er svo Fjölbrautaskóli Suðurlands. Glæsileg bygging. Eins og við mátti búast voru nemendur skólans þar á ferð að loknum skóladegi og þar varð ég að halda vel vöku minni til að forðast að lenda í árekstri við þau þar sem þau flest hver grúfðu sig niður í farsíma sína og kom sér þá vel að hafa háværa bjöllu á reiðhjólinu til að forðast samstuð. Áfram lá leiðin inn á Engjaveg, en þar sveimuðu yfir nokkrir krummar sem komnir voru í könnunarleiðangur til að kynna sumargömlum afkomendum sínum hvar vænlegast er að bera niður í ætisleit á komandi vetri sem er skammt undan. Einnig mátti sjá stóra hópa farfugla sem söfnuðu orku og byggðu upp kraft fyrir langt og strangt ferðalag sem er framundan hjá þeim. Loks var ég komin inn á Tryggvagötu þar sem heyra mátti í börnum að leik sem ganga í Vallaskóla og fara í Frístund að skóladegi loknum. Veður var gott og skýjamyndanir á himni, afar fallegar eins oft gerist á björtum haustdegi sem þessum. Nánast við enda Tryggvagötunnar er síðan staðsett Sundhöll Selfoss með glæsilegri tveggja hæða nýbyggingu sem vígð var árið 2015. Í byggingunni er afgreiðsla fyrir komugesti ásamt búningsklefum og stórgóðri aðstöðu til líkamsræktar á efri hæð hússins sem World Class rekur. Úti eru síðan 25 metra sundlaug og fjölbreytt úrval heitra potta fyrir börn og fullorðna til hvoru tveggja leikja og afslöppunar, einnig eru tveir kaldir pottar fyrir þá allra svölustu ásamt útibúningsaðstöðu fyrir bæði kyn, samt aðskilin rými. Loks ber þó að geta að við sundlaugina starfar stórgott starfsfólk sem sinnir hreinlæti staðarins af stakri samviskusemi og það sem best er, en það eru sjálfir sundlaugargestirnir; bæði pottormar og sundjálkar af báðum kynjum. Auk þessa er gamla innilaugin enn á sínum stað. Nánast alltaf er skemmtilegt fólk bæði innfæddir og aðfluttir sem fúsir eru að fræða okkur aa-fólkið (aa = aðfluttir andskotar) um ýmislegt það sem að gagni má koma fyrir okkur aðflutta bæði frá nútíð og úr fortíð. Að sundi og pottasetu lokinni held ég heim á ný endurnærður á líkama og glaður í sinni, tilbúinn að takast á við það sem eftir lifir af degi og næstu árstíð framundan.

Ómar V. Franklínsson,
Selfossi

Basar í Þingborg 6. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar, sem haldinn verður í Félagsheimilinu Þingborg, laugardaginn 6. nóvember 2021 frá kl. 13 - 17. Innkoma rennur til Krabbameinsfélags Árnessýslu. Við hlökkum til að sjá þig.

Kvenfélög Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.300 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Gáta vikunnar

Vísnagátur - Höfundur: Ármann Dalmannsson
Útg.: Bókaútgáfan SKRUDDA

Á mig er raðað mönnum hér af mörgum stéttum.
Salt ég verð af sjávarskvettum,
svigna undan dýrum réttum.

Svar við gátu í blaði 2620: **STIGI**
1. lína: Húsastigi - 2. lína: Kaðalstigi
3. lína: Himna- / Jakobsstigi

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er **Skúli Geir Ólafsson.**

Ég vil byrja á því að þakka Stóru-Sandvíkurundrinu og góðvini mínum, Sverri Pálssyni, fyrir áskorunina, en eins og Sverrir benti réttilega á þá er ég sennilega og alls ekki ólíklega besti sósugerðarmaður sem ég þekki, að minnsta kosti. Ég ætla því að láta það eftir honum að deila með ykkur leyniuppskriftinni minni af mögulega bestu sósu sem til er. Sósuna má nú para með flestum mat, en í minni fjölskyldu er hún gjarnan höfð með lambalærinu eða sunnudagshryggnum. Í þessari uppskrift ætla ég hins vegar að hafa hana með mínu uppáhaldskjöti, og jafnframt einu vanmetnasta kjöti sem fyrir finnst; ærkjöti.

Mér varð ljóst við skrif á þessari grein að erfitt getur verið að verða sér út um bitann sem ég vil nota, þ.e. ærkjöt-fillet, í kjörbúðum landsins. Ég fæ hins vegar allt mitt lamba- og kindakjöt frá sauðfjárbúi föður míns, í Úthlíð í Biskupstungum. Það má því alveg eins nota lambakjöt í staðinn, sem virðist vera aðeins auðveldara að verða sér út um.

Ærkjöt-fillet

Marinering: Byrjað skal á því að marinera kjötið, helst nokkrum klukkustundum áður en það er eldað. Í marineringu skal nota 1-2 msk. sojasósu, 2-3 msk. ólífuolíu, 2-3 msk. bbq-sósu og svo set ég yfirleitt 1-2 msk. af Best á lambið-kryddi. Pipar eftir hentisemi, en alls ekki salt, þar sem sojasósan er sölt.

Eldun á kjöti: Kjötið má hvort heldur sem er grilla eða steikja á pönnu. Kjötið skal eldað við meðalháan hita en mikilvægt er að elda það alls ekki of lengi, heldur láta með það eins og um nautakjöt sé að ræða, best medium-rare. Þá er einnig gott að leyfa kjötinu að hvíla í nokkrar mín. eftir að eldun á því er lokið og leyfa því að klárast að elda þannig.

Ostarjómasósa

Gott er að byrja á sósunni aðeins áður en byrjað er að elda kjötið. Byrjað skal á því að taka pott og setja botnfylli af vatni í hann og hita á hellu. Í vatnið skal rifinn heill piparkorn eða mexíkóostur (einnig gott að blanda 50/50) og látið bráðna. Út í þetta skal einnig bætt einni tsk. af Best á lambið-kryddi og kjötkrafti. Þegar blandan er farin að blandast vel saman er sett út í ½ ltr. af rjóma. Sósan skal svo hituð þar til suða er komin upp. Þá má lækka undir. Næst fara svo leynihráefnin út í. Það fyrra er íslenskt smjör, væn klípa. Hið seinna er sulta. Ég nota yfirleitt heimagerða rifsberjasultu frá móður minni, en einnig má nota bláberjasultu eða jafnvel rabarbarasultu. Byrjað skal á að setja 1 msk. út í en auðvitað er bara best að sirka þetta. Sósan skal svo malla á lágum hita og ef hún er ekki nægilega þykk má bæta þykkjara út í eftir smekk. Mikilvægt er að smakka sósuna vel á öllum stigum og bæta við salti og pipar eftir smekk. Þegar sósan er tilbúin er fínt að fara að steikja kjötið.

Meðlæti

Í meðlæti með kjötinu er gott að hafa ofnbakaða kartöflubáta, gular baunir og létt salat.

Eftirréttur

Í eftirrétt þykir mér sérdeilislega gott að fá mér svokallaðan Vestmannaeying, sem er einfaldur skyreftirréttur sem ég kynntist frá betri helmingnum.

½ ltr. rjómi
500 gr. vanilluskyr
Vínber
Mars-súkkulaði
Nóakropp

Rjóminn er þeyttur í skál og skyrinu hrært út í. Vínber og Mars-súkkulaðið er skorið í bita og sett út í, magn eftir smekk, en meira er alltaf betra. Ofan á skal svo sett Nóakropp. Einfalt og gott. Ég vil svo í lokin skora á svila minn og matgæðing með meiru, Svein Jose Rivera, til að sýna listir sínar.

Skorað er á **Svein Jose Rivera** sem næsta matgæðing.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Vinnustofusýning hjá Guðrúnu A. Tryggvadóttur

Í tilefni menningarmánaðar og mánaðar myndlistar opnar Guðrún A. Tryggvadóttir myndlistarmaður dyr vinnustofu sínnar á Selfossi helgina 30. og 31. október og býður gesti velkomna að spjalla og skoða verk sín. Vinnustofan er að Sóltúni 9 á Selfossi og opið er frá kl. 12:00 til 18:00 báða dagana.

Guðrún nam myndlist í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, École Nationale Supérieure des Beaux-Arts í París og Akademie der Bildenden Künste í München. Hún hefur haldið fjölda sýninga, hér heima, í Evrópu og Bandaríkjunum og hlotið fjölmargar viðurkenningar, bæði fyrir myndlist sína og fyrir störf sin á sviði nýsköpunar en hún hefur verið frumkvöðull á ýmsum sviðum; stofnað og rekið myndlistarskóla og listræna hönnunarstofu sem hún rak í Þýskalandi og hér heima um árabil. Guðrún stofnaði einnig og rak umhverfisvefinn Náttúran.is um 10 ára skeið. Guðrún var formaður Listvinafélagsins í Hveragerði og hannaði m.a. útisýninguna um listamennina í Hveragerði í Lystigarðinum og stóð fyrir fjölda myndlistarnámskeiða í Listasafni Árnesinga undir nafninu Listrými. Aðal efniviður í myndlist Guðrúnar er olía á striga en málverk hennar eru oftast risastór og byggja á hugmyndafræðilegum grunni og eru mjög persónuleg en hún vinnur einnig í aðra miðla og teikningin er aldrei langt undan enda hennar helsti rannsóknarmiðill. Nýlega gaf Guðrún út bókina Lífsverk - Þrettán kirkjur Ámunda Jónssonar en hann er forfaðir Guðrúnar og var einn ötulasti listamaður og smiður Suðurlands á átjándu öld. Nú síðast setti Guðrún upp sýningu á verki í Sundlaug Selfoss og verður það til sýnis út mánuðinn. Verk eftir Guðrúnu er að finna í opinberum söfnum bæði hérlendis og erlendis.

Lesa má og skoða meira um verk og feril Guðrúnar á tryggvadottir.com.

Að vera kostnaðarliður

Á tyllidögum erum við kennarar framlínustarfsfólk sem gegnir mikilvægasta starfi í heimi. Aðra daga erum við langstærsti kostnaðarliður vinnuveitenda okkar.

Um áramót renna kjarasamningar fimm aðildarfélaga KÍ við sveitarfélögin út og skilaboðin úr þeirri átt eru skýr, það er enginn peningur til. Ekki frekar en fyrri daginn.

Vitanlega snýst kennarastarfið um margt annað en krónur og aura, t.d. aðbúnað. Kulnunareinkenni eru vaxandi meðal kennara og marga streituvalda má rekja til aðstæðna sem vart geta talist boðlegar.

Af eigin reynslu sem deildarstjóri stoðþjónustu við grunnskóla veit ég að málefni nemenda sem þurfa sértæk úrræði geta reynst kennurum og öðru starfsfólki sem að slíkum málum koma afar þungbær. Ekki síst að upplifa dug- og úrræðaleysi þeirra stuðningskerfa sem þarf að leita til: Langir biðlistar eru eftir þjónustu utanaðkomandi sérfræðinga s.s. sálfræðinga, þroskaþjálfa og talmeinafræðinga, að ekki sé talað um þegar um enn erfiðari mál er að ræða þar sem þarf að reiða sig á þjónustu BUGL eða hreinlega að koma barni út af heimili, í mannsæmandi aðstæður.

Að vera grunnskólakennari með 25 barna hóp þar sem 10 eru með einhverskonar greiningar, þar af 2-3 með verulegar raskanir, er ekki öfundsvert hlutverk. Að vera leikskólakennari á yfirfullri og undirmannaðri deild þar sem lítill sem enginn tími gefst til faglegs undirbúnings er ekki síður lýjandi. Að taka svo við þessum börnum í framhaldsskóla sem er undir pressu að koma þeim á næsta skólastig á aðeins þremur árum er ekkert grín heldur.

Í öll þau ár sem ég hef barist fyrir réttindum barna með sérþarfir hef ég ekki tölu á því hversu oft ég hef heyrt að það sem ég fer fram á kosti of mikið. Ég verð að segja að mér leiðist að við kennarar og börnin sem við störfum með séum fyrst og fremst þungbær kostnaðarliður.

Það er staðreynd sem þarf að fara að ræða í alvöru að stór hluti sveitarfélaga ræður illa við rekstur skóla og stoðþjónustu. Í margumræddum PISA- könnunum má sjá að marktækur munur er orðinn á árangri nemenda á höfuðborgarsvæðinu og í hinum dreifðari byggðum. Í þessum orðum mínum felst engin stríðsyfirlýsing eða vanþóknun, þetta er einfaldlega augljóst vandamál sem við þurfum að finna skynsamari flöt á í sameiningu - án þess að nokkur einasti maður fari í vörn.

Höfundur er dönskukennari, deildarstjóri og námsefnishöfundur og býður sig fram til formennsku í KÍ. Nánar á xheimir.is

Auglýsing á skipulagstillögum í Sveitarfélaginu Ölfusi

Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar á 295. fundi bæjastjórnar Ölfuss í samræmi við 1. málsgrein 41. grein skipulagslaga nr 123/2010 m.s.br. Tillögurnar eru:

Deiliskipulag fyrir Árbæ 3 land, lnr. 171652.
Efla ehf. hefur unnið deiliskipulagstillögu sem heimilar að byggt verði allt að 360 fermetra parhús á lóðinni á einni til tveim hæðum.

Deiliskipulag fyrir ferðaþjónustuhús og íbúðarhús í Akurgerði
Efla ehf. hefur unnið deiliskipulagstillögu fyrir Akurgerði við Hvammsveg sem gerir m.a. ráð fyrir 4 nýjum smáhýsum fyrir gistingu og nýju íbúðarhúsi.

Deiliskipulag fyrir Fiskeldi á Bakka 1
EFLA fyrir hönd eiganda laxeldisstöðvarinnar að Bakka 1, hefur unnið tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina sem mótar umgjörð utan um núverandi starfsemi og framtíðaruppbyggingu hennar. Leyfð eru mannvirki allt að 12 m há, á einni til tveimur hæðum. Leitast verður við að mannvirki falli sem best að svipmóti lands.

Árbær 4 - breyting á deiliskipulagi.
Efla hefur unnið breytingu á deiliskipulagi fyrir Árbæ 4. Helstu breytingar eru að afmarkaðar verða lóðir um húsin á deiliskipulagssvæðinu. Þá er byggingarmagn aukið á reit B2 þannig að hægt verði að reisa heilsárshús/íbúðarhús í stað frístundahúss, sett inn skjólmön og skipulagsmörkum breytt lítillega, því önnur lóðin fer aðeins út fyrir mörkin eins og þau voru fyrir.

Tillögurnar verða til sýnis á sveitarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn frá 27. október til 8. desember 2021. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 8. desember 2021.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss

Vissir þú að...

- Við verðum síður lasin og kvefuð ef við sofum betur
- Þegar við sofum erum við eiginlega að fara með líkamann og heilann á verkstæði
- Ef við erum dugleg að hreyfa okkur sofum við betur
- Svefn hjálpar líkamanum og heilanum að vaxa og þroskast
- Við höldum áfram að læra á meðan við sofum

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Árborg
velliðan fyrir alla

Sveitarfélagið ÁRBORG

Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru eftirtaldar stöður lausar til umsóknar

- Sérkennari á elsta stigi 100% staða
- Kennari til að sinna forföllum 60-100% staða
- Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi 65% staða

Í Sunnulækjarskóla eru um 700 nemendur og þar er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

Umsóknarfrestur er til 8. nóvember 2021.

Nánari upplýsingar um störfin eru á ráðningarvef sveitarfélagsins https://starf.arborg.is og hjá skólastjóra í síma 480 5400 og netfang birgir@sunnulaekjarskoli.is.
Sækja þarf um stöðurnar á vef sveitarfélagsins, https://starf.arborg.is.

Skólastjóri

Ugla

Veturinn bankar á dyrnar og ekki annað í stöðunni en skella í eina létta og mjúka fljótlega gollu til að vefja utan um sig.

Garnið er Dolce frá danska fyrirtækinu Cewec. Það er úr mohair og eru notaðir þrír þræðir saman en vel má nota í hana alpaka garnið Alice frá Permin og þá tvöfalt.

Vídd peysunnar er 130 sm og uppskriftin hentar fyrir medium stærð.

Í þessa peysu voru notaðir þrír litir, einn rauðbrúnn, einn ljós blár og einn dökkblár. Í stroffunum eru tveir þræðir af dökkbláu og einn af ljósbláu og í heklaða kantinum eru notaðir tveir þræðir, einn af hvorum bláa litnum. Vel má gera peysuna alveg einlita eða röndótta, allt eftir smekk.

Garn, rauðbrúnn og ljósblár 3 dokkur og dökkblár 4 dokkur.

Hringprjónar no 12 og 15, sokkaprjónar no 8, heklunál no 7, hjálparnæla, tvö prjónamerki og 3 tölur.

Prjónafesta á prjóna no 15: 7 lykkjur og 10 umferðir = 10 x 10 sm.

Peysan er prjónuð fram og til baka neðanfrá og upp. Ermar eru prjónaðar ofan frá og niður. Fyrsta lykkja hverrar umferðar er alltaf tekin óprjónuð eins og eigi að prjóna brugðið og þá verður til slétt lykkja á jaðrinum sem við köllum kantlykkju.

Skammstafanir: l=lykkja, sl=slétt, br=brugðið, fl=fastalykkja, umf=umferð, ll=loftlykkja.

Bolur

FItjið upp á prjóna no 12, 91 l. Prjónið brugðning 1 sl og 1 br 3 umf. Skiptið yfir á prj no 15 og prjónið næstu umf sl (réttan) en br til baka (rangan) og síðan áfram þannig þar til bolur mælist 25 sm og endið hægra megin. Næst eru prjónaðir boðungar með úrtökum í jaðrinum að framan og bakstykki án úrtöku. Setjið prjónamerki eftir 24 l og aftur eftir 43 l. Í fyrstu umf á hægri boðungi er 3ja l tekin óprjónuð, næsta l prjónuð sl og þeirri óprjónuðu steypt yfir þá prjónuðu og síðan snúið við hjá fyrra prjónamerkinu. Úrtakan er endurtekin í 4. hverri umferð alls 6 sinnum. Þá eru 18 l eftir og síðan eru prjónaðar áfram 6 umf, alls 30 umf. Slítið frá enda sem dugar til að lykkja saman á öxlum, um það bil þrefalda breiddina. Geymið lykkjurnar. Byrjað er að prjóna bakstykkið hægra megin, snúið við hjá seinna prjónamerkinu og prjónið alls 30 umferðir. Byrjið á vinstri boðungi við handveg og þegar 4 l eru eftir að kanti að framan eru prjónaðar saman 2 l og það endurtekið í 4. hv umf alls 6 sinnum eins og á hægri boðungi. Prjónið síðan 6 umf, alls 30 umf og slítið frá. Lykkið saman lykkjurnar 18 á boðungunum við 18 lykkjur af bakstykkinu í hvorri hlið. Setjið lykkjurnar 7 sem eftir eru á miðjunni á hjálparnælu.

Ermar

Byrjið neðst á handvegi og sækið lykkjur í gegnum 2. lykkjuna frá jaðrinum. Fyrst í hverri umferð tvisvar og síðan sleppa einni og þannig koll af kolli allan hringinn (þá koma þrjár lykkjur í ermina á móti þrem umferðum á bolnum). Nú eiga að vera á prjóninum 41 l. Prjónið slétt í hring alls 35 umf. Í næstu umf eru notaðir sokkaprjónar no 8 og prjónaðar saman 2 l allan hringinn. Þegar 1 l er eftir er hún prj með fyrstu lykkjunni og þá eru 20 l eftir. Skiptið yfir í stroff litina og prjónið eina umf sl og síðan 1 sl og 1 br til skiptis alls 6 umf. Fellið laust af og slítið frá. Prjónið hina ermina eins.

Frágangur

Gangið frá öllum endum og heklið kant 3 umferðir. Í fyrstu umferðinni er heklað utan um kantlykkjurnar og í lykkjurnar á hjálparnælunni. Byrjið neðst á hægri hlið, 2 ll og fl í fyrstu kantlykkjuna og síðan 1 ll og fl í hverja kantlykkju. Gætið þess að hekla ekki of fast. Í næstu umferð er aftur heklað til skiptis ll og fl undir ll fyrri umferðar. Þegar komið er að annarri úrtökunni á hægri boðungi eru heklaðar 3 ll og hoppað yfir eitt bil til að gera hnappagat. Þegar búið er að gera 5 fl er gert annað hnappagat á sama hátt og síðasta hnappagatið á sama hátt. Ætti umferðin þá að enda á 2 fl. Í síðustu umferðinni eru gerðar 3 fl utanum ll fyrir hvert hnappagat. Í lok umferðarinnar er slitið frá, gengið frá endunum og tölurnar saumaðar á.

Þvoið peysuna í volgu sápuvatni og leggið til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

prentmet ODDI heildarlausnir í prentun
DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Sjóðurinn góði þarfnast ykkar hjálpar

Sjóðurinn góði veitti styrki úr sjóðnum í desember 2020 að upphæð 8.490.000 kr. til 179 fjölskyldna eða 480 einstaklinga. Sjóðurinn góði var stofnaður 2008 í kjölfar bankahrunsins og er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagsþjónustunnar í Árnessýslu, deilda Rauða krossins í Árnessýslu og Hjálparstarfs kirkjunnar. Hlutverk sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðþurftum fyrir jólin.

Eins og áður leitum við nú eftir stuðningi og aðstoð ykkar við að styrkja Sjóðinn góða.

Fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar sem vilja styrkja Sjóðinn góða geta lagt inn á bankareikning 325-13-301169, kt. 560269-2269.

Umsóknar– og úthlutnnardagar verða auglýstir síðar.

Starfshópur Sjóðsins góða þakkar öllum þeim aðilum sem styrkt hafa sjóðinn á síðasta ári.

Hvaða tannbursta á ég að kaupa?

Tannlæknar eru ósjaldan spurðir um ýmsar vörur fyrir munnhirðu. Í þessari og næstu greinum verður stiklað á stóru um þessi mál því aragrúi er til af ýmsum misgagnlegum vörum. Það virðist alltaf einhver tilbúinn að selja fólki nánast hvað sem er. Ég vek athygli á að tannlæknar hugsa ólíkt. Hér á eftir fara mínar skoðanir, aðrir tannlæknar á öndverðum meiði geta vel haft eitthvað til síns máls.

Mjúkan eða harðan?

Veldu sem mýkstan tannbursta. Hlutverk burstans er að „sópa“ lausum matarleifum og bakteríuskán af tönnunum. Mjúkur bursti gerir það alveg jafn vel og harður. En ef eitthvað er „fast“ á tönnunum (t.d. tannsteinn eða kaffilitur) gagnast hvorki mjúkur né harður bursti. Sá harði veldur hins vegar frekar skaða á tannholdi og tannvef, veljum því mjúkan. Ég sé einn kost við harða bursta: Þeir endast mögulega lengur en mjúkir. Það er hins vegar hægt að kaupa nýjan tannbursta en ekki nýtt tannhold.

„Mjúkur“ ekki það sama og „mjúkur“

„Mjúkur“/„soft“ er enginn staðall og hefur enga merkingu nema til samanburðar við „medium/hard“ frá sama framleiðanda, en það getur verið ótrúlega mikill munur milli framleiðenda. Það sem einn framleiðandi kallar „extra-soft“ kallar annar „medium“. Ræddu nánar við þinn tannlækni um hvað hentar þér.

Sölumennskan

„Nýjasta nýtt“ þykir oft meira spennandi heldur en gömul hönnun sem breytist lítið. Ýmsir þættir eru notaðir til að gera tannbursta söluvænlegri: Sveigður háls, mismunandi löguð burstahár, „náttúruvænni“ plastminni/„bambus“ burstar, stór/lítill haus, tunguskafa á bakhlið, endurhannað grip, „nanóburstar“, „hvíttunarburstar“, „3D cleaning ultra super mega action“ sem hreinsar allt að 200% betur en fyrri hönnun… Hér er keppst um athygli kaupenda og margir framleiðendur lofsama sína vöru sem „þá bestu“. Mín tilfinning er sú að fæst af þessu skipti máli. Vissulega eru til vísindagreinar sem sýna að ákveðnir þættir séu ákjósanlegri en aðrir. Mestu máli skiptir þó hver heldur á tannburstanum, t.d. hvort það sé hreinsað skipulega eða í óreiðukenndum fljótheitum. „Besti bursti í heimi“ bjargar ekki þeim sem kann ekki, man ekki eftir eða nennir ekki að bursta.

Snákaolía sem skaðar

Stundum fer sölumennskan offari, t.d. á samfélagsmiðlum. Framúrstefnulegar vörur eiga þá að leysa vandamál sem eru hreinlega ekki til staðar. Má t.d. nefna ýmsar útgáfur af titrandi munnstykkjum sem bitið er í og eiga að „bursta“ allar tennurnar samtímis með titringi: „Fljótara, betra, þægilegra“. Stundum fylgir útfjólublátt ljós til að „bakteríuhreinsa“ tennurnar. Eins má nefna U-laga tannburstahaus sem „umlykur“ tennurnar og á að hreinsa þrjár hliðar hverrar tannar samtímis. Þetta hljómar alveg ótrúlega spennandi… en stenst sjaldnast skoðun. Peningaplokkið sem fólk í góðri trú tekur þátt í er ekki verst, heldur aukin hætta á tannvandamálum því fólkið notar ekki hefðbundna bursta sem sannanlega gera gagn. Fullorðið fólk má svo sem gera það sem það vill, en hlífum börnunum við þessu (sumt er jafnvel sérstaklega markaðssett fyrir börn).

Börn

Barnaburstar eru oft merktir fyrir ákveðinn aldur. En líkt og soft/medium/hard er ekki staðlað, þá er ekki staðlað hvaða stærð hentar t.d. 0-2 ára börnum. Aftur er mikill munur á merkingum milli framleiðenda. Sjálfur kýs ég smærri en stærri hausa fyrir börn. Smærri hausum fylgja þó oft smærri handföng. Skrýtið, því handfangið er fyrir þann fullorðna sem burstar barnið.

Rafmagnsburstar

Fyrir aðila sem hreinsar vel skiptir litlu máli hvort notaður er hefðbundinn bursti eða rafmagnsbursti. En fyrir þann sem á í basli þá er auðveldara að hreinsa vel með rafmagnsbursta. Rafmagnsburstar eru margskonar, allt frá „einnota drasli“ (ekki hægt að skipta um haus) upp í „of flotta“ bursta með „óþarfa“ eiginleikum (tengingu við símaforrit o.fl.). Gangtu úr skugga um að þú getir hæglega keypt nýja burstahausa, það er ekkert gagn af rafmagnsburstanum ef þú finnur hvergi nýja hausa. Sjálfur kýs ég hringlaga hausa fremur en sporöskjulaga, en hér eru skiptar skoðanir. Þinn tannlæknir getur bent á hvað hentar þínum aðstæðum.

Hvenær þarf ég nýjan?

Framleiðendur/seljendur vilja að burstum/hausum sé skipt út á 2-4 mánaða fresti. Í sjálfu sér er ekkert að því. Mér finnst þó skrýtið að henda hlut sem virkar, eingöngu vegna aldurs en ekki ástands. Sjálfur endurnýja ég um leið og hárin á burstanum byrja að skælast eða trosna, en það er MJÖG misjafnt milli fólks hvenær það gerist. Að böðlast í gegnum nýjan bursta á örfáum vikum er merki um ranga meðhöndlun.

Hvað kaupir tannlæknirinn?

Lítinn haus (má vera stór), enga fítusa og afar mjúkan. Endist mér margfalt lengur en framleiðandinn vill (hárin enn óskæld og bein en bakhlið burstans orðin rispuð, skipti þá). Ég nota ekki sérstakan búnað sem er sagður sótthreinsa tannbursta með útfjólubláu ljósi.

Sverrir Örn Hlöðversson, tannlæknir.

Tannverndarhornið

FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

STARFSMAÐUR ÓSKAST

Fiskmarkaður Íslands í Þorlákshöfn auglýsir eftir starfsmanni í sölu, móttöku og afgreiðslu á fiski. Um ræðir 100% starf þar sem unnið er á lyftara sem og í samskiptum við viðskiptavini og aðra þjónustuaðila.

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi lyftararéttindi og sé vanur lyftaravinnu.

Fyrir áhugasama hafið samband við :
Vilhjálm Garðarsson - s: 8403733
villi@fmis.is

CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD MSC www.msc.org

Framúrskarandi fyrirtæki

Minjastofnun Íslands

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr

húsafriðunarsjóði

fyrir árið 2022

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr.575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2021. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafn). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaus ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á www.husverndarstofa.is).

Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

íþróttir

Evrópuævintýrið úti

HANDBOLTI Selfyssingar eru úr leik í Evrópubikarnum í handbolta eftir tap í Slóveníu á laugardaginn gegn Jeruzalem Ormož. Lokatölur í Slóveníu 28-22 og því samtals í einvíginu 59-53 fyrir Slóvenunum.

Selfyssingar byrjuðu leikinn illa og náðu Slóvenarnir mest átta marka forystu í fyrri hálfleik, 16-8, staðan í hálfleik var 18-13. Selfoss stóð sig betur í seinni hálfleik og höfðu fjölmörg tækifæri til þess að minnka muninn enn frekar. Það reyndist þó þrautin þyngri, sex marka tap niðurstaðan og Evrópuævintýrið úti.

Richard Sæþór Sigurðsson og Árni Steinn Steinþórsson voru markahæstir Selfyssinga, með 5 mörk hvor og Hergeir Grímsson skoraði 3. Þeir Ísak Gústafsson, Einar Sverrisson, Tryggvi Þórisson og Alexander Egan skoruðu allir 2 mörk hver og Karolis Stropus skoraði 1 mark. Sölvi Ólafsson varði 9/1 skot í marki Selfoss og Vilius Rasimas 1 skot.

-Umf. Selfoss/esó

Árni Steinn var markahæstur ásamt Richard Sæþór. Ljósmynd úr safni UMFS.

1. deild karla í körfubolta
SELFOSS - HAUKAR
Föstudaginn 29. okt. kl. 19:15
Íþróttahús Vallaskóla
SELFOSS KARFA

SELFOSS - ÞÓR ÞORL.
Mánudaginn 1. nóv. kl. 19:15
Íþróttahús Vallaskóla
SELFOSS KARFA
UMF ÞÓR

Góð ferð í Grafarvoginn

KÖRFUBOLTI Selfoss gerði góða ferð í Grafarvoginn sl. föstudag þegar liðið mætti Fjölni í fimmta leik liðsins á þessu tímabili. Selfoss var með yfirhöndina allan leikinn og endaði á að vinna 97-104.

Eftir slæmt tap á móti Sindra í síðasta deildarleik var allt annað lið sem mætti til leiks á móti Fjölni. Liðið spilaði vel á báðum endum vallarins strax í byrjun og var í stöðunni 12-26 eftir 1. leikhluta. Liðið hélt uppteknum hætti í 2. leikhluta, náðu fljótt að komast í 23 stiga forystu í stöðunni 12-35, sem var mesti munur liðanna í leiknum. Heimamenn svöruðu þó á móti og náðu að minnka muninn niður í 13 stig þegar liðin fóru inn í hálfleikinn. Fjölnir héldu áfram að berjast fyrir lífi sínu í leiknum og náðu að minnka muninn niður í 5 stig í lok 3. leikhluta. Góð tilraun heimamanna dugði þó ekki til, Selfoss hélt forystunni út leikinn og uppskáru góðan 7 stiga sigur, 97-104.

Atkvæðamestur í liði Selfyssinga var Trevon Evans með 30 stig og 10 stoðsendingar. Gasper Rojko var með 21 stig og 12 fráköst, Vito Smojer með 19 stig, Styrmir Jónasson með 12 stig, Óli Gunnar Gestsson með 8 stig, Arnar Geir Líndal með 7 stig, Ísar Freyr Jónasson með 5 stig og Sigmar Jóhann Bjarnason með 2 stig.

Næsti leikur liðsins er heimaleikur í deildinni á föstudaginn kemur gegn Haukum. Liðið mætir svo Íslandsmeisturm Þórs í VÍS-bikarkeppninni mánudaginn 1. nóvember. Leikurinn verður spilaður í Vallaskóla og byrjar hann kl. 19:15. *-brv*

Tinna Sigurrós var markahæst en hún sneri aftur í lið Selfoss eftir smávægileg meiðsli í seinasta leik. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG

Selfyssingar í toppbaráttu

HANDBOLTI Selfoss fór upp að hlið FH á toppi Grill 66-deildarinnar þegar liðið vann Gróttu með fjögurra marka mun, 31:27, í Hertzhöllinni á Seltjarnarnesi á sunnudag. Selfoss var marki yfir að loknum fyrri hálfleik, 15:14.

Tinna Sigurrós Traustadóttir skoraði níu af mörkum Selfossliðsins. Roberta Strope var einnig öflug í Selfossliðinu eins og í undanförnum leikjum og skoraði 8 mörk, Emelía Kjartansdóttir skoraði 6, Elínborg Þorbjörnsdóttir 4, Kristín Una Hólmarsdóttir 3 og Tinna Soffía Traustadóttir 1.

Selfoss og FH sitja á toppi deildarinnar með sex stig hvort eftir fjóra leiki. Næsti leikur liðsins er gegn ungmennaliði ÍBV í Vestmannaeyjum 7. nóvember.

-Umf. Selfoss/handbolti.is

Selfyssingar kaffærðir á heimavelli

HANDBOLTI Selfyssingar urðu að láta í minni pokann gegn Stjörnunni í Olísdeildinni þegar liðin mættust í Set höllinni í seinustu viku. Lokatölur á Selfossi 20-25, jafnt var að loknum fyrri hálfleik, 11:11, eftir frábærar upphafsmínútur heimamanna.

Selfossliðið hóf leikinn af miklum krafti og virtist það ætla að sigla yfir gestina úr Garðabæ. Eftir stundarfjórðung hafði Selfoss skorað átta af fyrstu 11 mörkum leiksins. Stjörnumenn voru á öðru máli. Þeir sóttu í sig veðrið þegar á leið hálfleikinn og þegar hann var á enda var staðan orðin jöfn, 11:11.

Stjarnan var með frumkvæði fyrstu 20 mínútur síðari hálfleiks. Síðustu tíu mínúturnar voru hins vegar eign gestanna sem sigldu fram úr og voru með þriggja til fimm marka forskot allt til enda.

Mörk Selfoss: Einar Sverrisson 7/2, Hergeir Grímsson 4, Ísak Gústafsson 3, Gunnar Flosi Grétarsson 2, Karolos Stropus 2 og Guðjón Baldur Ómarsson 1. Varin skot: Sölvi Ólafsson 7/1 og Vilius Rasimas 1.

Næsti leikur er gegn Gróttu í Sethöllinni á föstudag kl. 19:30

-Umf. Selfoss/handbolti.is

RISAPRENTUN
A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR
prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
SÍMI 482 1944
SELFOSS@PRENTMETODDI.IS
WWW.PRENTMETODDI.IS

Myrkradögum að ljúka um næstu helgi

Það er forn siður að halda hátíðir í vetrarbyrjun til að þakka fyrir uppskeru sumarsins og taka á móti myrkrinu og kuldanum. Vetrarbyrjun, sem stundum var kölluð nýár, var talin vera um mánaðamót október-nóvember í heiðnum sið.

Í Evrópu var til siðs að setja brennandi kerti í útskornar næpur – sem urðu að graskerjum þegar komið var til Ameríku. Grímubúningar og gotterí eru í nútímanum, einkennandi fyrir þessa miklu uppskeruhátíð en enn eimir eftir af gamalli trú og trúin var sú að upphaf vetrar væri tími umskipta og þá geta menn skynjað handanheima og spáð í framtíðina, framliðnir fóru á kreik og eitt nafnið á „Allra sálna messu“ er einmitt „Allra dauðra messa“,

Bókasafn Árborgar hóf vetrarnæturhátíð sína sem gengur undir nafninu *Myrkradagar* þann 14. október, þá var glugginn opnaður og skreytingarnar tilbúnar í safninu og fyrsti viðburðurinn var bíó-sýning fyrir börn um góða drauginn Kasper.

Síðasta laugardag þann 23. október var mikið fjölmenni á safninu þegar börn komu hér í fylgd með foreldrum sínum að búa til falleg eða hrollvekjandi ljósker fyrir hrekkjavökuna. Bestu þakkir öll fyrir skemmtilega sköpunarstund.

Næsta laugardag hugsum við um fullorðna fólkið og þá koma til okkar, frá Sálarrannsóknafélagi Íslands, þær systur Esther og Helga Sif Sveinbjarnardætur. Þær ætla að gefa okkur smá innsýn í hina huldu heima og hugsanlega sýnishorn af því hvernig þær ná að tengja sig yfir í víddir sem eru flestum okkur huldar. Þær hafa ýmislegt í sinni verkfærakistu, hafa enda lagt stund á miðilsstörf og kunna að lesa í skrift, Tarotspil, kaffibolla og lófa sem og rúnirnar okkar gömlu.

Við þökkum fyrir sumarið og uppskeruna og bjóðum myrkrið og veturinn velkominn og ljúkum Myrkradögum á að nálgast þessi skil milli heima með þeim systrum laugardaginn 30. október kl. 13:00. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir!

Dauðra manna sögur í Skálholti – ekki fyrir viðkvæma!

Dauðra manna sögur í Skálholti með Bjarna Harðarsyni er viðburður sem haldinn verður í Skálholti, laugardaginn 30. október kl 17:00. Bjarni mun segja ýmsar sögur sem tengjast dauðanum og yfirnáttúrulegum atburðum í Skálholti. Hann mun leiða hópinn um Skálholt og segja sögurnar eins og honum einum er lagið.

Sagðar verða sögur, gamlar sagnir, þjóðsögur og frásagnir af yfirnáttúrulegum atburðum í Skálholti. Gengið verður um svæði sem þekkt eru fyrir sagnir, þjóðsögur og atburði sem fá hárin til að rísa. Minningarsteinn um aftöku Jóns Arasonar og sona hans verður heimsóttur, farið inn í Þorláksbúð, í gegnum undirgöngin og sagðar ýmsar sögur af yfirnáttúrulegum atburðum úr fortíð og nútíð sem gerst hafa í Skálholti. Búið ykkur undir gæsahúð! Farið verður að rökkva þannig að gestir eru hvattir til að koma með vasaljós eða höfuðljós.

Til eru ýmsar sagnir af atburðum, bæði þjóðsögur, munnmælasögur frá gamalli tíð, en einnig sögur úr nútímanum. Jón Bjarnason organisti spilar hræðileg stef á orgelið og Veitingastaðurinn Skálholt býður upp á hroðalegan kvöldverð á 3500 kr.

Mæting við Skálholtskirkju kl. 17:00. Ókeypis er á viðburðinn en fjöldi gesta verður takmarkaður svo skráning er nauðsynleg. Tekið er á móti skráningum á skalholt@skalholt.is.

Leiðsögn um sýninguna Missi í Húsinu á Eyrarbakka

Það er ýmislegt á döfinni hjá Byggðasafni Árnesinga. Á sunnudaginn 31. október klukkan 14:00 verður leiðsögn um sýninguna Missi. Þar eru til sýnis persónulegir hlutir sem urðu dýrgripir eftirlifenda þegar ástvinur dó. Látlausir hlutir líkt og pappírsbátur, herðasjal og sparibaukur geyma oft mun dýpri sögu en virðist í fyrstu. Á sýningunni Missi er ljósinu beint að þessum fallega sið og tilfinningagildi gripanna heiðrað. Linda Ásdísardóttir, sýningarstjóri, mun leiða gesti í gegnum þessa einstöku sýningu sem engin ætti að láta framhjá sér fara. Sýningin hefur verið vel sótt og er þetta síðasta sýningarhelgin.

Jafnframt er þetta síðasta helgaropnun Byggðasafnsins í tilefni menningarmánaðar í Árborg, opið laugardag og sunnudag frá klukkan 13:00-17:00. Enginn aðgangseyrir.

Allir velkomnir!

Auglýsing
um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar eftirfarandi tillögur deiliskipulagsáætlana.

1. Deiliskipulagsbreyting – Eyravegur 26-30
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 20. október 2021 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu að Eyravegi 26-30. Markmið breytingarinnar er að byggja tvær hæðir til viðbótar ofan á núverandi hús á nr. 26. Með þeirri framkvæmd mun íbúðum í húsinu fjölga um u.þ.b. 16 íbúðir og verða þá samtals 51 eftir breytingu. Lóð 28-30 er óbyggð og þar er gert ráð fyrir að muni rísa fjölbýlishús á 4 hæðum með allt að 54 íbúðum. Heimild verður fyrir kjallara sem að hluta til verður nýttur fyrir geymslur og hjólageymslur, en þar verður einnig heimild fyrir verslunar- og þjónusturými.

2. Deiliskipulagsbreyting – Austurbyggð
Bæjarstórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 20. október 2021 að endurauglýsa deiliskipulagsbreytingu í Austurbyggð. Tillagan nær yfir hluta Asparlands, Bjarmalands, Fagralands og Huldulands. Tillagan var áður samþykkt af bæjarstjórn Árborgar þann 21. febrúar 2018. Skipulagssvæðið er fullbyggt og unnið hefur verið skv. tillögunni frá 2018.

3. Deiliskipulagsbreyting – Larsenstræti
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 20. október 2021 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu fyrir Larsenstræti, Selfossi. Tillagan gerir ráð fyrir að lóðir nr. 4, 6, 8, 10, 12 og 14 verði sameinaðar í eina lóð fyrir byggingu Húsasmiðjunnar á Selfossi. Aðkoma að lóðunum verður sem fyrr frá Larsenstræti, en einnig er gert ráð fyrir aðgangsstýrðri aðkomu að sameinaðri lóð frá Gaulverjabæjarvegi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 27.10.2021 til og með 8.12.2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 8.12.2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is.

Virðingarfyllst,
Anton Kári Halldórsson,
skipulagsfulltrúi Árborgar

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TIL LEIGU

Hús til leigu
Snoturt lítið hús til leigu 8 km. frá Selfossi. Húsið er laust núna, leigutími er til 15. apríl. Upplýsingar í síma 898 1738.

FÉLAGSSTÖRF

FELAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

HEILSUEFLING Á ÍÞRÓTTAVELLI
(nýja íþróttahúsið)
Þriðjudaga kl. 9:30 og 10:30.
Fimmtudaga kl. 9:30 og 10:30.

OPIÐ HÚS
Fimmtudag 28. okt. kl. 14:45
Elísabet Jökulsdóttir, rithöfundur.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Krani & tæki
Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa
Öll almenn jarðvegsvinna og flutningar
Diddi S. 861 4966
Elli S. 861 6700
fredi@simnet.is

RENNIVERKSTÆÐI
BJÖRN JENSEN
HÁHEIÐI 6, SELFOSSI
ÖLL RENNISMÍÐAVINNA
VIÐGERÐIR - NÝSMÍÐI
SÍMI 862 7530

KIRKJUR

Selfosskirkja
Kvöldmessa sunnudaginn 31. október. Allra heilaga messa, kveikjum á kertum í minningu látinna ástvina. Kirkjukórinn syngur fallega og ljúfa tónlist sem hæfir tilefninu, ásamt Gísla Stefánssyni, organisti Edit A. Molnár. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Sunnudagaskóli kl. 11:00. Umsjón Sjöfn Þórarinsdóttir ásamt leiðtogum.

Morgunbænir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Kyrrðarstund miðvikudaga kl. 17:00.

12 spora kynningarfundur mánudaginn 25. október kl. 18:00.

Eyrarbakkakirkja
Messa sunnudaginn 31. október kl. 11:00. Allra heilagra messa, minnumst látinna ástvina. Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Gaulverjabæjarkirkja
Messa sunnudaginn 31. október kl. 14:00. Allra heilagra messa, minnumst látinna ástvina. Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Stokkseyrarkirkja
Samverustund fyrir börn. Sunnudagaskóli laugardaginn 30. október kl. 11:00.

Hrepphólakirkja
Kirkjuskóli laugardaginn 30. okt. kl. 11. Umsjón hafa Jóna Heiðdís og Óskar prestur. Guðsþjónusta sunnudaginn 31. okt. kl. 11. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Stefáns Þorleifssonar organista. Sjáumst í kirkju um helgina - allir velkomnir. Sóknarprestur.

Stóra-Núpskirkja
Guðsþjónusta kl. 13 (ath. breyttan messutíma). Kirkjukórinn syngur undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Allir velkomnir. Sóknarprestur.

Árbæjarkirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 31. október. kl. 11.00.

Marteinstungukirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 31. október. kl. 14.00.

Skarðskirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 31. október. kl. 20.00.

Skálholtsdómkirkja
Sunnudagurinn 31. október 2021. Messa kl. 11 á siðbótardeginum. Prestsþjónusta sr. Axel Á Njarðvík, héraðsprestur og organisti er Jón Bjarnason. Verið velkomin.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 30. október. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Eric Guðmundsson verður með ræðu. Verið velkomin.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944 - dfs@dfs.is

Jólatónleikar í undirbúningi með 50 manna hljómsveit, einsöngvurum og kórum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur veitt vilyrði fyrir 10 milljóna króna framlagi á ári til Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands næstu þrjú árin og undirstrikar með því mikilvægi þess að klassísk hljómsveit sé starfandi á Suðurlandi. Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri og aðalhvatamaður að stofnun hljómsveitarinnar er að vonum ánægður enda veit hann hversu mikla samfélagslega þýðingu slík hljómsveit hefur. „Það er hægt að nefna ótal marga jákvæða þætti sem starfsemi svona hljómsveitar hefur í för með sér“ segir Guðmundur Óli. „Hún auðgar menningarlífið, breytir starfsumhverfi tónlistarmanna á Suðurlandi og eflir starf tónlistarskólanna svo eitthvað sé nefnt. Og svo má segja að starfsemi hennar færi samfélaginu arðinn að fjárfestingu sveitarfélaganna í starfi tónlistarskólanna. Margir þeirra nemenda sem ljúka framhaldsprófi eru fyrirtaks hljóðfæraleikarar en kjósa að starfa við annað en tónlist. Það þýðir þó ekki að hæfileikarnir séu ekki fyrir hendi en hvatinn til að halda áfram að æfa sig hverfur. Fiðlur og flautur rykfalla inni í skápum því vettvanginn vantar en með starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands opnast möguleikar og tækifæri verða til.“

Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstóri. Mynd: Dagný Dögg Steinþórsdóttir.

Starfsemi hljómsveitarinnar eflir líka samskipti og samvinnu þeirra sem starfa við tónlist á Suðurlandi og jólatónleikar hljómsveitarinnar sem verða þann 11. desember í Skálholtskirkju eru gott dæmi um það. Þar mun 50 manna hljómsveit koma fram skipuð atvinnuhljóðfæraleikurum sem búa og starfa á Suðurlandi. Einnig munu nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga og Tónlistarskóla Rangæinga leika með hljómsveitinni og fá nú í fyrsta sinn tækifæri til að spila með klassískri hljómsveit atvinnufólks. „Þetta er einmitt eitt af því sem við viljum gera,“ segir Guðmundur Óli; „gefa nemendum tónlistarskólanna tækifæri á að taka þátt í metnaðarfullum verkefnum sem verða til með tilkomu Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands.“

Um 140 manns munu koma fram á tónleikunum undir stjórn Guðmundar Óla; Kirkjukór Selfosskirkju, Barna- og unglingarkór Selfosskirkju og einsöngvararnir Hallveig Rúnarsdóttir og Eyjólfur Eyjólfsson en stjórnendur kóranna eru þær Edit Molnár og Kolbrún Berglind Grétarsdóttir. „Ég lofa fallegum og hátíðlegum jólatónleikum“ segir Guðmundur Óli að lokum en það er rétt að hafa það í huga að einungis 250 miðar eru í boði, Skálholtskirkja rúmar ekki fleiri, en þetta verður falleg og áhrifarík samverustund á aðventunni.

FUNDIR

Vöfflukaffi
með HP kleinum

Vöfflukaffi verður nk. laugardag á milli kl. 11 og 12 á Eyravegi 15, Selfossi. Gestur er Leó Árnason, hugmyndasmiður að nýja miðbænum okkar hér á Selfossi. Hann fer yfir framgang þessa stóra verkefnis og sýnir okkur m.a. myndir sem tengjast öðrum áfanga. Allir velkomnir!

BÍLAR

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Vel heppnuð bjórhátíð Ölverks

Það lifnaði heldur betur yfir gróðurhúsunum við Þelamörkina í Hveragerði liðna helgi. Þar fór fram bjórhátíð Ölverks. Hátíðin er sannkölluð bjór- og tónlistarveisla. Í samtali við Laufeyju Sif Lárusdóttur, annan eiganda Ölverks, kom fram að yfir 25 framleiðendur hefðu skráð sig til leiks þetta árið, en ekki skorti á hugmyndaflugið og tegundirnar til að bragða. Auk þess mátti gæða sér á veitingum eins og bjórosti frá MS, þýskættuðum Bratwürst og Pretzel. Tónlistaratriðin voru ekki af verri endanum en það voru annarsvegar þekktir skífuþeytar sem héldu uppi stuðinu og hinsvegar Bjartmar Guðlaugsson á fyrra kvöldinu og svo hljómsveitin Hjálmar á því seinna. -gpp

Viðskiptavinir athugið!

Skrifstofur embættisins verða lokaðar föstudaginn 5. nóvember vegna starfs- og fræðsludags.

Viðskiptavinir eru hvattir til að nýta sér rafræna þjónustu okkar á www.syslumenn.is, þar með talið netspjall.

Fyrir neyðartilvik er bent á netfangið sudurland@syslumenn.is.

Bent er á, að hægt er að sækja um vegabréf og ökuskírteini hjá öllum sýslumönnum óháð búsetu umsækjanda.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Sumarævintýri í Árborg 2021

Búið er að draga út í sumarævintýraleik Árborgar 2021.

Markmið verkefnisins var að hvetja fjölskyldur til útivistar í fallegu náttúrunni okkar, kynnast nærumhverfi sínu betur og uppgötva staði sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Það var gaman að sjá hve margir tóku þátt og vonumst við til að geta gert þetta að árlegum viðburði hjá okkur.

Vinningshafar eru eftirfarandi:

- Lindex 5000 kr. gjafabréf: Saga Sveinsdóttir, Gauksrima 5.
- Lindex 5000 kr. gjafabréf: Jón Heiðar og Davíð Máni Úthaga
- Lindex 5000 kr. gjafabréf: Guðrún Birna Sveinbjörnsdóttir, Vallarland 10.
- Lindex 5000 kr. gjafabréf: Íris Böðvarsdóttir, Óseyri.
- Lindex 5000 kr. gjafabréf: Elín Birna Bjarnfinnsdóttir, Eyrarbakka.
- Stúdíó Sport 10.000 kr. gjafabréf: Vignir Steinarsson, Dverghólar 12.
- Ísbúðini Huppa fjölskyldu tilboð: Ragna Fanney Róbertsdóttir, Dranghólar 43.
- Ísbúðin Huppu fjölskyldutilboð: Gerður og Ólafur, Lambhaga.
- Ísbúðin Huppa 2x bragðarefur: Tinna Karen og Kári Snær, Baugstjörn 32.
- Kayak-ferðir Stokkseyri gjafabréf fyrir 4: Karítas Líf og Bergdís Heba, Seftjörn 16.
- ÍSEY skyrbar 2. skálar: Einar Ari og Smári Freyr, Suðurbraut 10.
- VOR veitingar gjafabréf: Ísar Steinn, Bleikjulækur 9.

Þökkum fyrirtækjum sem styrktu verkefnið kærlega fyrir. Vinningshafar geta sótt vinninga hjá þjónustuborði Árborgar sem staðsett er á jarðhæð ráðhússins að Austurvegi 2 milli kl 9-15 virka daga.

Hluti af vinningshöfunm ásamt Díönu Gestsdóttur lýðheilsufulltrúa sem stóð fyrir leiknum.

Sveitarfélagið ÁRBORG

Málþing um málefni leikskóla í Árborg

Mánudaginn 1. nóvember nk. verður haldið málþing um málefni leikskóla í Árborg á Hótel Selfossi. Húsið opnað kl. 8:30 og stendur þingið frá kl. 9:00-16:00. Þar verða í boði fjölbreytt erindi frá fagfólki um leikskólamál og ýmsum hagsmunaaðilum. Allir áhugasamir um málefni leikskólans eru hvattir til að fjölmenna og fá þátttakendur tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Málþinginu verður einnig streymt. Nánari upplýsingar og skráning er í gegnum arborg.is.

Vinnuhópur um leikskólamál í Árborg

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2621 Miðvikudagur 27. október 2021

Góð stemning á hrútasýningu Sauðfjárræktarfélags Hrunamanna

Fjölmenni sótti vel heppnaða hrútasýningu sem Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna hélt laugardaginn 16. október sl. í Reiðhöllinni á Flúðum. Ekki var aðeins margt um manninn heldur var líka mikið af fallegu fé. Alls komu kindur frá tólf bæjum í sveitinni og gat þar að líta lambhrúta af ýmsum litum og gerðum og lambgimbrar sömuleiðis og margar mjög litskrúðugar. Einnig mátti sjá forystufé. Það kom einmitt í hlut tveggja forystugimbra að útnefna sigurvegara í rollubingóinu en þar var afgirtu hólfi skipt í 36 reiti og viðstaddir biðu í ofvæni eftir því að forystugimbrarnar pissuðu í réttu reitina!

Dómarar og helstu úrslit

Sérlegir dómarar hrútasýningarinnar voru sem fyrr Sigurfinnur Bjarkarsson frá Tóftum og Jökull Helgason á Ósabakka. Þeir sýndu mikla færni í störfum sínum og útskýrðu dómana vel fyrir viðstöddum. Keppt var í hinum ýmsu flokkum. Í flokki mislitra lambhrúta varð efstur móflekkóttur hrútur (undan Glámssyni) frá Syðra-Langholti, í öðru og þriðja sæti urðu hrútar, báðir undan heimahrútum, frá Magnúsi og Alinu á Kópsvatni. Magnús og Alina áttu einnig efsta hrútinn í hópi veturgamalla hrúta sem er hvítur og kollóttur ættaður frá Broddanesi á Ströndum. Hrútur frá Syðra-Langholti undan Velli, sæðingarstöðvarhrút, varð þar í öðru sæti og þriðji var hrútur frá Þverspyrnu einnig undan Velli. Í fyrsta sæti í flokknum „best gerða gimbrin“ varð gimbur frá Hruna undan Muninn sem er sæðingarstöðvarhrútur, í öðru sæti gimbur frá Hrafnkelsstöðum undan heimahrút og í því þriðja gimbur frá Ásatúni sem er undan Sandi frá Sandfellshaga. Yfir fjörutíu hrútar komu til álita í flokki hvítra lambhrúta en þar varð efstur, eftir mikið þukl og spekúleringar hjá dómurum, hrútur frá Hruna sem er undan heimahrúti ættuðum frá Mávahlíð, í öðru sæti var hrútur frá Hrepphólum undan Muninn og í því þriðja hrútur frá Langholtskoti undan Heimakletti sem einnig er sæðingarstöðvarhrútur.

Þukl, skrautlegasta gimbrin og „íhaldsmaðurinn“

Þá var gestum hrútasýningarinnar boðið að þukla fjóra lambhrúta og raða þeim upp eftir gerð. Góð þátttaka var í þuklinu og svo fór að ungur efnispiltur ættaður frá Syðra-Langholti, Birkir Aron Ársælsson, og Grímur Guðmundarson í Ásatúni fóru með sigur af hólmi. Einnig kom til kasta allra viðstaddra á sýningunni að kjósa skrautlegustu gimbrina en þar komu margar fallegar til álita. Þegar búið var að telja upp úr kössunum stóð efst móflekkótt gimbur frá Syðra-Langholti. Það kom loks í hlut „íhaldsmanna“ síðustu hrútasýningar, systranna Önnu Maríu og Ástbjartar Magnúsardætra, að útnefna arftaka sinn. Þær völdu Unnstein Hermannsson í Langholtskoti „íhaldsmann sýningarinnar“ eftir frábær tilþrif hans með kollóttan lambhrút sem lét bísna ófriðlega um tíma. Stjórn Sauðfjárræktarfélagsins þakkar öllum gestum og þátttakendum á hrútasýningunni fyrir ánægjulega og vel heppnaða samveru.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D•H BÓKHALD
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Stofnun fyrirtækja
Framtöl og ársreikningar
Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiiibbiii Siggaferdir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

Komin í verslanir
Útgáfuhóf í BÓKAKAFFINU
Ármúla 42, Reykjavík
föstudaginn 29. okt. kl. 17–19
Bókakaffið

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Josera
BRAGÐ AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is